



# GANGNASEÐILL 2008

Það tilkynnist hér með að haustgöngur fara fram laugardaginn 13. september sé fært leitarveður, ella þá næsta leitarfæran dag.

**Gangnaforingi er Rögnvaldur Ottósson.**

**Réttarstjóri í fjárrétt er Sigrún Guðmundsdóttir og hrossarétt Rögnvaldur Ottósson.**

**1. Göngur:** Gangnamenn smali svæðið frá Urriðalæk vestur yfir flárnar og Grasás yfir Ytri-Botnalæk í veg fyrir gangnamenn úr Skagabyggð. Heiðina vestan sýslumarka eftir venju til réttar, einnig Borgina utan skógræktargirðingar. Gert er ráð fyrir að gangnamenn úr Skagabyggð smali svæðið norðan Brandaskarðsgils milli Stallabruna og Hrafnár til norðurs.

**Í heiðargöngur leggi eftirtaldir til menn:**

- Rögnvaldur Ottósson 3 menn
- Þorlákur S. Sveinsson 2 mann
- Eðvarð Ingvason 1 mann
- Rúnar Jósefsson 1 mann

**Í Borgina leggi eftirtaldir til menn:**

- Búi Birgisson 2 menn
- Rúnar Jósefsson 1 mann

Fé og hross úr heiðinni og Borginni og úr heimahögum sé rekið að Spákonufellsrétt laugardaginn 13. september og réttað samdægurs. Bæði fjárrétt og hrossarétt verður þann dag. *Ber eigendum að vera þar til staðar og hirða búfé sitt svo að réttarstörfum verði lokið fyrir en dimmt er orðið.*

**2. Eftirleit** fer fram laugardaginn 20. september verði hjart veður ella næsta leitarfæran dag. þær annast Ásgeir Axelsson (6 menn)

**3. Fjárskil** verða mánudaginn 6. október á Sölvabakka á þau mæti Ásgeir Axelsson fyrir fjallskiladeild Skagastrandar

**4. Útréttir:**

- Í fyrri Fossárrétt hirðir Hrönn Árnadóttir
- Í seinni Fossárrétt hirðir Rögnvaldur Ottósson
- Í fyrri Kjalarlandsrétt hirðir Sævar Hjaltason
- Í seinni Kjalarlandsrétt hirðir Eðvarð Ingvason

**5. Smölun heimalanda:** Fjáreigendur eru hvattir til að hreinsa vel landspildur sínar af öðru búfé en þeirra eigin fyrir göngur sem og eftirleit, svo að göngur og réttir geti orðið árangursríkar.

Að öðru leyti en hér er tekið fram eru skyldur og réttindi manna samkvæmt fjallskilareglugerð fyrir Austur - Húnavatnssýslu. Greiðslur til og frá fjallskilasjóði fara fram hjá sveitarstjóra.

Skagaströnd 4. september 2008

---

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri.